


# Rustik

## Kálfamjólk

Í samstarfi við Lantmännen í Svíþjóð hefur Bústólpi hafið innflutning og sölu á hágæða kálfamjólk sem framleidd er af Volac í Skotlandi fyrir Lantmännen, sama framleiðanda og framleiðir hina vinsælu lambamjólk sem Bústólpi hefur verið með í sölu s.l. tvö ár. Hér er um þraut reynda vöru að ræða sem hefur gefið mjög góða raun í kálfaeldi og er jafnframt gott að blanda og vinna með.



### **Konnect Rustik**

Fyrir alla kálfa. Gæðamjólk sem gefur öran og öruggan vöxt.

Framleitt úr mjólkurpróteinum, laktósa, sérvöldum jurtafitum og hydrólíseruðu hveitiglúteni. Inniheldur öll nauðsynleg vítamín og steinefni sem kálfurinn þarf á að halda. Hentar í allar gerðir kálfafóstra.

### **Blöndun:**

100-150 g af dufti gefa 1 lítra af kálfamjólk. Best er að blanda mjólkina í 40°C heitt vatn. Setja duftið í hluta vatnsins fyrst og hræra það upp og bæta síðan við afgangnum af vatninu. Gefið ekki kálfinum mjólkina heitari en 37°C þegar um kálfafóstru er að ræða fylgið leiðbeiningum um fóstruna.

**Fæst í 25 kg pokum**

## Næringargildi

### Konnect Rustik

Næringarinnihald	%	Viðbætt vítamín og steinefni pr. kg.					
Prótein	23	Vítamín A	AE	25000	Pantotensýra	mg	10
Fita	18	Vítamín D3	AE	6000	Fólinsýra	mg	0,5
Trefjar		Vítamín E	AE	250	Niacin	mg	20
Aska	7,5	Vítamín B1	mg	5	Biotin	mg	0,05
Kalsíum	0,8	Vítamín B2	mg	3	Járn	mg	80
Fosfór	0,6	Vítamín B6	mg	3	Zink	mg	50
Magnesium	0,15	Vítamín B12	mg	0,02	Kopar	mg	10
Vatn	4	Vítamín C	mg	100	Selen	mg	0,2
Orka MJ/kg þ.e.	18,1						

## Notkunarleiðbeiningar

- Konnect Rustic kálfanæring er ætluð til notkunar eftir að kálfurinn hefur fengið broddmjólk í upphafi. Gætið þess að kálfurinn drekki að minnsta kosti 3 lítra af broddmjólk eins fljótt og auðið er eftir burð. Æskilegt er að kálfurinn fái kúamjólkina fyrstu dagana, en kálfamjólkinn gefur í framhaldinu öll þau næringarefni sem kálfurinn annars fengi við fóðrun á kúamjólk.
- Þá er einnig mikilvægt að kálfurinn hafi frían aðgang að fersku vatni allan uppvöxtinn.
- Blöndunarhlutföll og fóðrun:**

#### Hraður vöxtur

150 g af kálfamjólkur dufti  
blandað í 8,5 dl af vatni

#### Meðal vöxtur

130 g af kálfamjólkurdufti  
blandað í 8,7 dl

#### Kálfafóstra með frjálsum aðgang

100 g af kálfamjólkurdufti  
blandað í 9 dl

Aldur kálfsins	Fóðrun
1 til 3 daga	Broddmjólk (kúamjólk)
4 til 7 daga	5 lítrar mjólkur á dag sem deilt er á tvær gjafir hið minnsta. Blandið er saman kúamjólk og kálfamjólk og hlutur kálfamjólkurinnar aukinn er líður á gjöfina.
1 til 6 vikna	6 lítrar af kálfamjólk á dag sem deilt er á tvær gjafir hið minnsta
7 vikna	5 lítrar af kálfamjólk á dag sem deilt er á tvær gjafir hið minnsta
8 vikna	4 lítrar af kálfamjólk á dag sem deilt er á tvær gjafir hið minnsta